

Mál nr. 282/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Vinnuslys við affermingu gáms úr gámaflugvél 13.3. 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. ágúst 2017 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 13. september 2017 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M hlaut líkamstjón í vinnu sinni hjá X þar sem hann starfaði sem „Loading Supervisor“ á flugvelli. Í tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlitsins dags. 23.8.2016 lýsir fulltrúi X atvikum þannig að M hafi verið að afhlaða gám úr holdi 2 og verið að nota rafmagnsstýripinna sem stýrir gámnum út. Þegar gámurinn hafi verið kominn í hurðina hafi gámurinn staðið eitthvað á sér. M hafi af þeim sökum reynt að rétta hann af með því að ýta með handafla á gáminn. Gámurinn hafi verið blautur eftir rigningu og hafi M því runnið til og dottið með allan þungann á gáminn en hægri höndin runnið upp þannig að hún festist upp við gáminn á meðan M datt niður

M telur að aðstæður á vinnustað hafi verið ófullnægjandi og að X ber skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjónsins auk þess sem ekki hafi verið tilkynnt um slysið á tilætluðum tíma til Vinnueftirlitsins. M vísar til þess að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vinnustaðnum og skorts á verkstjórn og verklagsreglum. Byggir M á því að X hafi brugðist skyldum sínum með því að hafa ekki tryggt nægilegar öryggisráðstafanir á vinnustaðnum auk þess sem verkstjórn hafi verið verulega áfátt og verklagsreglum ekki fylgt eftir. Vísar M sérstaklega til ákvæða 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem m.a. er kveðið á um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Þá vísar M sérstaklega til þess að áður en M vann verkið hafi hann kvartað yfir því við yfirmenn sína að of mikill vindur væri til að vinna verkið. Samkvæmt gögnum frá Veðurstofu Íslands var meðalvindhraði á flugvellinginum 14,9 m/s og vindhviður allt að 22,3 m/s þegar slysið varð.

V vísar til þess að M sé með 2 ára starfsreynslu sem „loading supervisor“. Á þeim starfsmönnum hvíli meiri ábyrgð en almennum hleðslumönnum. Þeir séu yfirmenn á staðnum sem ráða yfir 3-5 manna hleðsluteymi. Þá hafi M lokið sérstökum námskeiðum til að geta starfað sem „Loading supervisor“ auk þess sem hann hafi lokið tilskyldum öryggisnámskeiðum. Þá vísar V til þess að flugafgreiðslutækið (loaderinn) sem M var að vinna við í umrætt sinn hafi ekki verið bilaður. Algengt sé að gámar standi á sér við þessa vinnu og að yfirleitt sé nóg að stjaka aðeins við þeim með handafla til að losa þá. Hafi það ekki dugað til hafi M átt að kalla til sín auka mannskap til að vinna verkið. Enn fremur vísar V til þess að vindur hafi ekki átt nokkurn þátt í því að slysið varð.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að efnislegur ágreiningur sé um málsatvik. Vanræksla X á því að tilkynna slysið strax til Vinnueftirlitsins, líkt og skylt er skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 hefur af þeim sökum ekki áhrif á sönnunarmat. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn sem staðfesta að aðbúnaður á vinnustað M hafi verið ófullnægjandi. Þá er ekkert í gögnum málsins eða framburði M sem bendir til þess að mikill vindur hafi verið meðvirkandi þáttur í slysi M. Ekki verður heldur sýnt að eftirliti með aðbúnaði hafi verið ábótavant, hvorki almennt né sérstaklega gagnvart þeim búnaði sem M var að vinna við. M hefur því ekki sýnt fram á að X beri ábyrgð á líkamstjóni sínu og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 24. október 2017,

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.